

FORVARNARSTEFNA



Samantekt 2008
Ásgeir Beinteinsson
skólastjóri Háteigsskóla

Inngangur

Forvarnarstefna Háteigsskóla er það starf sem stuðlar að góðum aga og vellíðan. Góður agi, vellíðan og ábyrg þátttaka er besta forvörnin gagnvart þeim hættum sem steðja að ungmennum í dag. Skólinn lítur ekki svo á að það sé meginverkefni hans að vinna að forvörnum gegn hættum á afbrotum eða vímuefnaneyslu. Það er meginverkefni hans að skapa umhverfi og aðstæður til að þroska jákvæða og skapandi einstaklinga sem velja þá leið í lífinu sem verði þeim til farsældar og hamingju. Mikilvægt er að halda upplýsingum um áhættuhegðun að nemendum í grunnskóla. Farsælir sterkir einstaklingar velja sér heilbriggt líf.

Tryggt hefur verið síðastliðin ár að líðan sé sérstaklega tekin á dagskrá í bekkjum með því að gera könnun á líðan í nóvembermánuði. Niðurstaðan er síðan kynnt með umræðu í kennararáði á kennarafundi og í foreldraráði, auk úrvinnslu með einstökum umsjónarkennurum. Þessi könnun er stöðug áminning til að vekja umræðuna og bendir okkur einnig á nemendur sem hugsanlega verða fyrir óeðlilega miklu áreiti og nemendur sem áreita óeðlilega mikið.

Ýmsar venjur sem tengjast forvörnum hafa lengi verið viðhafðar í Háteigsskóla. Þetta eru venjur í sambandi við úrvinnslu áfengis og reykingavanda. Til marks um árangur af þessum starfsvenjum er, að ekki hefur komið fyrir um langt árabíl að nemendur hafi reynt að neyta áfengis í tengslum við samkomur skólans. Einnig eru reykingar í nágrenni skólans á skólatíma afar fátíðar.

Líðan og sjálfstyrking er stöðugt verkefni á öllum stjórnunar- og umsýslustigum innan skólans. Líðan og sjálfstyrkur nemenda er forsenda fyrir öllu námi og árangri í lífinu. Þess vegna er líðan á dagskrá í samstarfi kennara, á fundum skólastjóra og á stigsfundum.

Þessi samantekt leggur grunn að frekari þróun þeirra þátta sem lúta að vellíðan og sjálfstyrkingu nemenda og skerpir sýn okkar á þá þætti sem skipta máli í forvörnum.

HEILDSTÆÐAR ÁHERSLUR

Heildstæðar áherslur Háteigsskóla hvíla á fimm meginstoðum.

- Metnaðarfullt starf með nemendum
- Leiklist í kennslu.
- Könnun á líðan nemenda.
- Upplýsingagjöf.
- Áætlanir og viðbrögð.

METNAÐARFULLT STARF MEÐ NEMENDUM

Viðhorf samstarfsfólks til nemenda.

Stefna Háteigsskóla

fyrir skólaárið 2008- 2009.

Hlutverk Háteigsskóla

- Að mennta í hlýlegu og skapandi umhverfi þar sem borin er virðing fyrir sérhverjum manni.

Leiðarljós

- Allir eru jafnir.
- Allir nemendur eru mínir nemendur.
- Öll börn geta lært.
- Börn hafa margar greindir.
- Breytingar eru tækifæri.
- Sá er vinur er til vammis segir.
- Við hrósum.
- Sameinuð stöndum vér, sundruð föllum vér.

Framtíðarsýn Háteigsskóla

Að Háteigsskóli;

- sjái til þess að nemendur taki stöðugum framförum námslega og félagslega.
- þroski nemendur til sjálfsnáms.
- sé sveigjanlegur skóli sem þekkir þarfir nemenda og uppfyllir þær.
- útskrifi skapandi, umburðarlynda, metnaðarfulla og duglega einstaklinga sem sækja sér menntun allt lífið.
- útskrifi einstaklinga sem hafa sjálfstraust og sjálfsvirðingu.
- verði eftirsóttur, fjölbreyttur starfsvettvangur sem gerir starfsmönnum kleift að þroska hæfileika sína og frumkvæði.
- njóti virðingar og endurspegli fjölbreytileika þjóðfélagsins í öllu starfi.

SÁTTMÁLI UM SKÓLASAMFÉLAG HÁTEIGSSKÓLA

Skólinn er bæði vinnustaður og samfélag. Hann er samfélag þriggja aðila: Nemenda, starfsfólks skólans og foreldra. Allir þegnar samfélagsins eiga kröfu á réttlæti og viðurkenningu fyrir það sem vel er gert. Samfélagið leitast við að skapa góðan starfsanda og leysa mál friðsamlega og þannig að mannréttindi allra séu í heiðri höfð.

Í skólanum gilda almennar samskipta- og umgengisvenjur, sem byggjast á umburðarlyndi, lýðræðislegu samstarfi og gagnkvæmri virðingu þeirra sem mynda skólasamfélagið, og reglur sem settar eru í skólanum, skólareglur.

Nemendur eiga þess kost að leita til umsjónarkennara, skólastjórnenda eða nemendaverndarráðs sem gætir fyllsta trúnaðar við þá vegna hugsanlegra vandamála heima fyrir eða í skóla.

Leitast skal við að upplýsingar sem varða nemendur, starfsfólk skólans og foreldra og hafa hugsanlega áhrif á skólastarfið berist hratt og vel. Sérstök áhersla skal lögð á upplýsingaskyldu heimila gagnvart skólastjórnendum t.d. ef breytingar verða á heimilum sem áhrif hafa á líf nemenda og þar með skólastarfið.

Undir sáttmálann falla skólareglur, reglur til að leiðbeina foreldrum, öryggisreglur og bekkjarreglur sem hver bekkur semur með umsjónarkennara sínum á hverju hausti.

Skólareglur

1. Allir sýna kurteisi og virðingu innan skólans sem utan og koma fram af háttvísi.

2. Allir sýna góða umgengni og ganga hljóðlega um skólann.
3. Allir hjálpast að og koma í veg fyrir að einhverjir verði útundan í leik eða námi.
4. Allir eru með hollan mat í nesti.

Til leiðbeiningar fyrir foreldra

1. Nemendur skulu koma stundvíslega í skólann og fjarvistir vegna veikinda á að tilkynna eins fljótt og unnt er.
2. Séu nemendur lengur í skóla en þrjár kennslustundir samfleytt skulu þeir hafa með sér nesti. Nemendur hafa hollt nesti með sér í skólann.
3. Brot á sáttmála og skólareglum þýða alvarlega áminningu frá kennara eða skólastjórnendum. Ef brot eru endurtekin verða forráðamenn látnir vita og gripið til viðeigandi ráðstafana í samræmi við úrvinnsluferli skólans.

Öryggisreglur um hættur og verðmæti

1. Nemendur eru á skólavelli í stundahléum og fara ekki út af honum nema með leyfi og skulu þá sýna fyllstu háttþrýði. (Nemendur á unglíngastigi hafa heimild til að fara af skólavellinum í hléum vegna aldurs síns og þroska.)
2. Nemendur fara vel með muni skólans og þeir skulu gæta þess að skemma ekki bækur, húsbúnað eða kennslutæki.
3. Nemendur koma ekki með peninga í skólann að þarflausu og skilja ekki eftir verðmæti í fötum sínum í fatageymslu né hafa með sér óviðkomandi hluti í skólann. Skór og útifatnaður nemenda skal vera merktur.
4. Notkun reiðhjóla, hjólaskauta, hlaupahjóla eða hjólabretta á skólalóð er bönnuð vegna hættu á slysum, svo og allt snjókast að húsi, ökutækjum og vegfarendum. Þeir sem koma á hjólum í skólann verða að geyma hjólin sín læst í hjólastöndum á skólatíma. (Þegar veður og færð leyfa.)

Stofnað var til sáttmála um skólasamfélag Háteigsskóla vorið 1997 og hefur sáttmálinn verið tekinn til umræðu nokkrum sinnum síðan en kennarar, nemendur og foreldrar stóðu að honum í upphafi en hann hefur verið endurskoðaður á þrír ársfundum. Þrír ársfundir eru fundir þar sem fulltrúar nemenda, kennara og foreldra sitja. Sáttmálinn er í sífelldri endurskoðun allra þeirra að koma að skólastarfinu. (Endurskoðaður vorið 2004)

NÁMSKRÁ MÓTTÖKUDEILDAR HÁTEIGSSKÓLA

Markmið:

- stuðla að fjölmennningarlegri menntun fyrir alla nemendur skólans til að auka umburðarlyndi, samábyrgð og skilning á sjálfum sér og öðrum.

Úr bekkjarnámskrám 1.-4. bekkjar

Inngangur:

Eftirfarandi markmið verða höfð að leiðarljósi í skólastarfinu:

- að stuðla að almennri vellíðan barnanna þannig að þeim finnist skólinn vera öruggur og notalegur samastaður í leik og starfi
- að skapa sem best skilyrði fyrir börnin til að afla sér þekkingar og temja sér skipulögð vinnubrögð
- að styrkja sjálfstraust og jákvæða sjálfsmynd barnanna
- að efla samkennd barnanna og leggja áherslu á að þau virði hvert annað í leik og starfi
- að börnin þjálfist í að segja frá, hlusta á aðra og taka þátt í umræðum
- að gera foreldrum kleift að fylgjast með námi barnanna með bréfum sem send eru heim vikulega.

Úr bekkjarnámskrá 1. bekkjar

Kristinfræði

Nemendur:

- glími við viðfangsefni sem tengjast vináttu og merkingu orðanna rétt og rangt, mitt og þitt og fyrirgefning
- geri sér ljóst að engir tveir eru eins, t.d. með frásögn af börnum með ólíkan bakgrunn.

Móðurmál

Nemendur

- fái tækifæri til að tjá sig frammi fyrir bekkjarfélögum sínum
- efli munnlega tjáningu í leik og starfi
- fái tækifæri til félagslegra samskipta í leik og starfi.

Úr bekkjarnámskrá 2. bekkjar

Samfélagsfræði

Nemendur:

- fræðist um nýbúa á Íslandi, hvaðan þeir koma helst og nokkrar ástæður þess að þeir hafa flust hingað

Móðurmál

- fái tækifæri til að tjá sig frammi fyrir bekkjarfélögum
- efli munnlega tjáningu í leik og starfi
- fái tækifæri til félagslegra samskipta í leik og starfi
- læri að taka tillit til annarra, svo sem þegar þeir segja frá eða lesa upphátt.

Kristinfræði

Nemendur

- temji sér umburðarlyndi í samskiptum við aðra, t.d. með því að glíma við efni um góðvild, miskunnsemi og bakmælgj.

Íþróttir

Meginmarkmið:

- að auka skilning á því hvað er rétt og rangt í leikjum
- þátt í leikjum og æfingum, sem efla sjálfstraust, viljastyrk og áræði.

Sund

Meginmarkmið:

- að auka félags-, hreyfi- og siðgæðisþroska

Úr bekkjarnámskrá 3. bekkjar

Lífsleikni og tjáning

Nemendur

- geti tjáð hugsanir sínar, tilfinningar og væntingar
- læri leiðir til að efla samskiptafærni sína sem felur meðal annars í sér færni í samvinnu, að sýna tillitssemi, að setja sig í spor annarra, hlusta á aðra og sýna kurteisi
- geri sér grein fyrir að ekki eru allir eins og tileinka sér þannig virðingu fyrir sérstöðu annarra.

Úr bekkjarnámskrá 4. bekkjar

Lífsleikni

Lífsleikni er hluti af öllu skólastarfi og tengist öllum námsgreinum.

Áhersla er lögð á

- að styrkja börnin í að axla ábyrgð á eigin lífi og kenna þeim að vera gagnrýnir neytendur í flóknu og margbreytilegu samfélagi,
- að börnin geri sér grein fyrir gildi hreyfingar og heilbrigðra lífshátta og nýti námið í daglegu lífi.

- að opna augu barnanna fyrir umhverfi sínu og þeim möguleikum sem náttúran og umhverfið hefur upp á að bjóða
- að börnin geti tjáð tilfinningar sínar og virt tilfinningar annarra
- að börnin átti sig á hugtakinu jafnrétti út frá ýmsum sjónarhornum.

MÍÐSTIG

Úr bekkjarnámskrám 5. - 7. bekkjar

Eftirfarandi markmið höfum við að leiðarljósi:

- að stuðla að almennri vellíðan barnanna þannig að þeim finnist skólinn vera öruggur og notalegur samastaður í leik og starfi/ skapa umhverfi þar sem þeim líður vel
- að skapa sem best skilyrði fyrir börnin til að afla sér þekkingar og temja sér skipulögð vinnubrögð /fræða nemendur og hvetja þá til að afla sér frekari þekkingar
- að styrkja sjálfstraust og jákvæða sjálfsmynd barnanna/efla frumkvæði og sjálfstæði nemenda
- að efla samkennd barnanna og leggja áherslu á að þau virði hvert annað í leik og starfi/og stuðla að jákvæðum samskiptum
- að börnin þjálfist í að segja frá, hlusta á aðra og taka þátt í umræðum/nemendur fái tækifæri til að beita sköpunargleði sinni
- reyna að koma til móts við þarfir hvers og eins eftir því sem unnt er
- að gera foreldrum kleift að fylgjast með námi barnanna með bréfum sem send eru heim vikulega.

Lífsleikni (5. og 6. bekkur)

Meginmarkmið

Að nemendur

- fái þjálfun í að tjá hugsanir sínar og skoðanir frammi fyrir bekknum
- geti gert sér grein fyrir hvernig tilfinningar hafa áhrif á hegðun
- geti fylgt flóknu reglukerfi, í leik eða starfi, einn eða með öðrum
- verði meðvitaðir um gildi jafnréttis og hvernig það tengist mannréttindum
- geti gert grein fyrir að mismunandi siðir og reglur geta gilt innan fjölskyldna án þess að það hafi áhrif á gagnkvæma virðingu og samkennd fjölskyldumeðlima
- geti tileinkað sér heilbrigða lífshætti.

Lífsleikni (7. bekkur)

Markmið

Að nemendur

- velti fyrir sér ýmsum hliðum þess að breytast úr barni í ungling og geri sér grein fyrir áskorunum og ánægjustundum þessa æviskeiðs.
- geri sér grein fyrir að mannréttindi eru leikreglur í samfélagi einstaklinga og bjóða til að tryggja jafnan rétt allra
- læri að setja sig í spor annarra.
- læri að bera virðingu fyrir einstaklingum óháð uppruna þeirra og færni.
- læri að átta sig á tilfinningum sínum.
- geti lagt mat á fréttáflutning um málefni barna og unglunga.

UNGLINGASTIG

Úr bekkjarnámskrám 8. - 10. bekkjar

Almenn markmið bekkjarstarfsins.

Við stefnum að því með nemendum okkar að

- skapa umhverfi, þar sem góður vinnufriður ríkir í bekknum og nemendunum líður vel.
- fræða þá og hvetja til að afla sér frekari þekkingar.

- efla frumkvæði þeirra og sjálfstæði.
- þjálf þá í að vinna saman að lausn verkefna og taka tillit til annarra.
- reyna að koma til móts við þarfir þeirra eins og unnt er.
- þeir fái tækifæri til að beita sköpunargleði sinni
- stuðla að jákvæðum samskiptum og efla samkennd milli þeirra.

Markviss samvinna

Við munum stuðla að markvissri samvinnu meðal nemenda árgangsins. Markviss samvinna felur í sér að nemendur þora að leggja fram hugmyndir sínar til umræðu, vilji ræða og vinna með hugmyndir annarra, hjálpast að við að finna lausnir á viðfangsefnum og sýna sanngirni. Með markvissri samvinnu læra nemendur að hlusta á skoðanir annarra og taka mark á þeim, að treysta öðrum fyrir mikilvægum verkum, að samhjálp auðveldar starfið og að sanngirni auðveldar samskipti. Með markvissri samvinnu læra nemendur að virða skoðanir annarra og að treysta hver öðrum.

Lífsleikni (8. bekkur)

Markmið

Stefnt er að því að nemendur

- geti tekið þátt í samræðum, hlustað á aðra og sett eigin skoðanir fram með rökstuðningi
- öðlist þekkingu á þeim málefnum sem brenna á þeim sem unglingum
- styrki sjálfstraust sitt og sjálfstæði
- sýni tillitssemi og umburðarlyndi í samskiptum við aðra
- taki þátt í mótun eigin skólasamfélags.

Lífsleikni (9. og 10. bekkur)

Markmið:

Meginmarkmið lífsleikni skv. aðalnámskrá grunnskóla 1999, er að m.a. er stefnt að því að auka sjálfsþekkingu, þroska og mannrækt. Að stuðla að frumkvæði, sjálfstæðri, skapandi og gagnrýnni hugsun, aðlögunarhæfni og siðviti til að taka ákvarðanir í síbreytilegum veruleika (bls. 7).

LEIKLIST Í KENNSLU

Háteigsskóli var móðurskóli í leiklist í kennslu árin 2003 til 2006. Leikræn tjáning er sú kennsluaðferð sem er hvað best til að auka sjálfstraust og líðan nemenda. Því hefur verið lögð áhersla á mikilvægi leiklistar í öllu starfi skólans. Hér á eftir fer stuttur kafli úr lýsingu á móðurskólaverkefninu sem enn hefur gildi og skýrir mikilvægi leiklistar í kennslu.

Sá hæfileiki að geta sett sig í spor annarra er grundvöllur mannskilnings og félagsvitundar. Þeir sem geta sett sig í spor annarra þeir skilja mannlegt samfélag betur, þeir skilja sjálfa sig betur og þeir skilja betur hlutskipti annarra. Þannig menntar leikræn tjáning börn til samfélagsvitundar og skilnings á sjálfum sér og öðrum. Í leikrænni tjáningu hugsar maður með líkamanum og þannig verður til annar sjálfsskilningur. Í leikrænni tjáningu geturðu prófað kenningar um heiminn og sjálfan þig áhættulaust. Leikræn tjáning er formgerving og framlenging leiksins sem barnið stundar í æsku til að læra á lífið. (Skólanámskrá Háteigsskóla.)

Leiklist hefur einkum verður nýtt í tengslum við námsefni í íslensku, samfélagsfræði og lífsleikni. Við teljum að leiklist í kennslu geti verið gagnleg kennsluaðferð til þess að hjálpa nemendum að setja sig í spor annarra, tjá tilfinningar sínar, æfa sig í að koma fram, skoða mál frá mismunandi sjónarhornum og taka sjálfstæðar ákvarðanir.

Markmið leiklistarkennslunnar.

Stefnt er að því að nemendur

- fái tækifæri til að beita sköpunargleði sinni
- þjálfist í að geta sagt frá og geti rökstutt skoðun sína fyrir bekkjarfélögum
- tileinki sér þær reglur sem gilda þegar margir þurfa að tjá sig í einu
- öðlast frumkvæði og læri að vinna sjálfstætt
- axli ábyrgð á eigin lífi og virði tilfinningar annarra.

KÖNNUN Á LÍÐAN NEMENDA Í SKÓLANUM.

Seinni hluta hausts er lögð könnun fyrir alla nemendur skólans á líðan þeirra í skólanum. Þetta hefur verið gert á hverju ári síðan árið 1999. Spurningarnar eru þannig orðaðar að þær gefi almenna mynd á líðan nemenda við ýmsar aðstæður og gefi vísbendingar um einelti.

Í 2. – 4. bekk er lögð fyrir einföld könnun um almenna líðan við ýmsar aðstæður.




Í 5. – 10. bekk er gerð ítarlegri könnun og meiri áhersla lögð á að finna einelti í skólanum. Könnunin er nafnlaus og geta nemendur skráð á blað þá gerendur eða þolendur sem þeir vita um. Í framhaldi af þessari könnun fara í gang aðgerðir til að draga úr vanlíðan og einelti í skólanum.

Niðurstöður eru kynntar foreldraráði, þó eru niðurstöður einstakra bekkja eða nöfn nemenda ekki birt.


Könnunin hefur yfirleitt staðfest þá tilfinningu sem menn hafa haft fyrir ástandi í einstökum bekkjum. Einnig hefur hún sýnt árangur þeirra aðgerða sem verið er að beita í skólanum frá einu ári til annars.

Könnun á líðan nemenda í 5. - 10. bekk Samanburður milli ára


Svarhlutfall: 2000: 84% 2002: 86% 2003: 87% 2004: 87% 2005: 87% 2006: 90% 2007: 88%




4. Ert þú tekin(n) fyrir?



Veist þú um einhverja í skólanum sem taka aðra fyrir?



6. Hvar hefur þú séð nemendur tekna fyrir?



Þessari spurningu var breytt haustið 2003:

Úr "hvar heldur þú að nemendur séu teknir fyrir" í "hvar hefur þú séð nemendur tekna fyrir".

Haustið 2006 var "í frímínútum" breytt í "á skólalóð"

Haustið 2007 var "hvergi" bætt við.

Haustið 2007 var spurningum 2-5 breytt á unglingastigi. Spurningar 3 og 4 eru þó sambærilegar.

UPPLÝSINGAGJÖF

HÁTEIGUR

Fréttabréf skólans hefur verið gefið út síðan 26. september 1997¹. Fréttabréfið kemur út einu sinni í mánuði á skólaárinu. Markmið fréttabréfsins er að miðla jákvæðum upplýsingum á milli allra sem koma að starfi skólans, bæta upplýsingastreymi og hjálpa til við að móta starfið með ábendingum um það sem betur má fara. Fréttabréfið styrkir einingu og sýn á sameiginleg verkefni og heldur góðum verkum nemenda og kennara hátt á lofti. Þannig styrkir fréttabréfið sjálfsmynd þeirra sem í skólanum starfa sem eykur vellíðan og samheldni.

TILKYNNINGAR UM ATVIK

Öllum starfsmönnum er skylt að gera skólastjóra og umsjónarkennara viðvart með upplýsingum á sérstöku tilkynningarblaði ef hegðun nemanda viku svo frá almennri hegðun að óeðlilegt má telja. Allar slíkar tilkynningar berast inn á borð skólastjóra og fara síðan til umsjónarkennara. Þannig er tvöfalt kerfi á því að vekja athygli á vanda einstakra nemenda. Ritarar bóka athugasemdir í dagbók Mentors og halda til haga fjölda tilkynninga. Fari tilkynningar yfir tiltekinn fjölda er athygli skólastjóra vakin á því sem bregst við í samræmi við skipulag um úrvinnslu hegðunarfrávika. Gætt er fyllsta trúnaðar í úrvinnslu allra mála.

ÚRVINNSLA AGA- OG HEGÐUNARFRÁVIKA Í HÁTEIGSSKÓLA

Nákvæm lýsing er á því hvernig úrvinnsla aga- og hegðunarfrávika er í Háteigsskóla. Lýsingin er hluti af skólanámskrá og byggir á fyrirmælum laga- og reglugerða. Megininntak úrvinnslunnar eru upplýsingar til foreldra þar sem foreldrar bera frumábyrgð á uppeldi barnanna. Úrvinnslan gerir þess vegna ekki ráð fyrir refsingum af hálfu skólans en viðurlögum til þess að tryggja góðan frið. Til dæmis getur þurft að sjá nemanda sem truflar mjög með hegðun sinni fyrir sérstöku úrræði til lengri eða skemmri tíma. Einnig getur þurft að vísa málum til annarra aðila utan skólans ef vísbendingar eru um að foreldrar sinni ekki skyldum sínum.

ÁÆTLANIR OG VIÐBRÖÐ

EINELTI

Skilgreining:

Flestar skilgreiningar eiga það sammerkt að ganga út frá því að þrennt þurfi að vera til staðar svo hægt sé að tala um að einelti eigi sér stað:

- *Áreiti gerist nokkuð oft, nokkrum sinnum í viku eða oft og yfir nokkurn tíma.*
- *Það að misvægi er á valdi, sá kraftmeiri ræðst á þann kraftminni.*
- *Áreitið getur verið líkamlegt (t.d. lemja og hrinda), andlegt (t.d. hótanir og stríðni) eða félagslegt (t.d. félagsleg útilokun). Eitt barn eða hópur barna getur staðið fyrir einelti.*

Í Háteigsskóla leggjum við áherslu á að öllum nemendum líði vel og vinnum því markvisst gegn einelti. Eineltiskannanir eru lagðar fyrir í öllum bekkjum á hverjum vetri. Ef eineltismál koma upp er leitast við að vinna úr þeim málum á farsælan hátt. Allir í skólasamfélaginu gegna mikilvægu hlutverki í að bæta samskipti og uppræta einelti. Starfsfólk er vakandi yfir líðan og velferð nemenda sinna.

FORDÓMAR

Í þeirri viðleitni að draga úr fordómum gagnvart manneskjunni og margbreytileika hennar verður að leitast við að fræða og vekja starfsfólk til umhugsunar um fordóma. Starfsmenn

¹ Sjá heimasíðu skólans.

með kennara í fararbroddi miðla þekkingu sinni til nemenda í samræmi við aldur og þroska þeirra.

Orðið fordómur lýsir afstöðu til manna og málefna. Þrátt fyrir mikla notkun er merking hugtaksins þó ekki alltaf ljós. Samkvæmt Orðabók Menningarsjóðs (1985) og Íslenskri samheitaorðabók (1985) merkir orðið fordómur það sama og hleypidómur, sleggjudómur eða ógrundaður dómur. Í sömu bókum kemur einnig fram að orðið sleggjudómur merkir órökstuddur dómur og að hleypidómalaus maður sé frjálshuga, frjálslýndur, kreddulaus og umburðarlyndur.

Orðabókaskilgreiningar duga skammt ef öðlast á skilning á því hvernig fordómar verka og hvers vegna þeir eru eins útbreiddir og raun ber vitni. Til dæmis er erfitt að skilja hvers vegna illa gengur að draga úr fordómum með því að auka fræðslu um það sem fordómarnir beinast að. Meginniðurstaða úr slíkum fræðsluherferðum er að þær draga úr fordómum hjá sumum. En hjá öðrum, sérstaklega þeim sem eru mjög fordómafullir, er allt eins líklegt að aukin fræðsla verði til þess að viðhalda fordómum eða styrkja þá.

Fordómar eru sívirkir vegna þess að þeir eru hluti af venjubundinni hugsun. Á hverju augnabliki er í umhverfi manns ýmislegt sem hægt væri að beina athygli að og sem kalla má einu orði áreiti. Þessi áreiti eru fleiri en svo að hægt sé að taka eftir þeim öllum og því eru sum valin úr. Áður en tiltekið áreiti nær meðvitund er það flokkað, því gefin merking og á það lagt mat. Koma þar við sögu staðalmyndir, fordómar og viðhorf. Þetta mat er ekki háð vilja heldur er það ómeðvitað og sjálfvirk.

Það finnast fordómar á Íslandi enda eru þeir sívirkur hluti mannglegrar hugsunar. Það er svo breytilegt frá einum tíma til annars hvaða hópar verða fyrir fordómum og hvað þeir fordómar eru útbreiddir.

*Heimildir
Efni af vísindavef HÍ, Friðrik H. Jónsson*

NEYSLA ÁFENGIS EÐA ANNARRA VÍMUEFNA Á SKÓLATÍMA.

Neysla áfengis eða annarra vímuefna er ekki liðin í starfi á vegum skólans.

Ef nemandi verður uppvís að neyslu áfengis eða annarra vímuefna í skólanum, á skólaskemmtun, eða annars staðar í starfi á vegum skólans, eru forráðamenn hans í öllum tilvikum strax kallaðir til.

Fyrst er farið með viðkomandi á skrifstofu skólans/ afsíðis þar sem hann bíður meðan hringt er í forráðamann. Þegar forráðamaður kemur er rætt við hann og honum tjáð málsatvik. Að því búnu fer forráðamaður heim með nemandann. Næsta skóladað er nemandinn, og eftir atvikum forráðamaður, boðaður til viðtals við skólastjóra þar sem betur er farið yfir málsatvik.

REYKINGAR NEMENDA Á SKÓLATÍMA

Ef starfsmaður verður var við reykingar nemanda á skólatíma, á skólaskemmtun, eða annars staðar í starfi á vegum skólans, ræðir hann við nemandann um vandann og kemur upplýsingum á framfæri við skólastjóra. Að því loknu fyllir hann út eyðublað um reykingar sem nemandi staðfestir með undirskrift sinni. Bréfið er síðan sent heim, forráðamönnum til upplýsingar og bókað í Mentor. Í framhaldi af því er, í samráði við hjúkrunarfræðing, kannaður sá möguleiki hvort ekki sé hægt að aðstoða nemandann við að hætta að reykja.

ÁFALLARÁÐ

Í skólanum er starfandi áfallaráð. Það sér um að gera áætlanir um hvað skuli gera ef upp koma slys, dauðsföll, náttúruhamfarir eða aðrir ámóta atburðir. Slíkar áætlanir eru notaðar sem gátlistar þegar skipuleggja skal áfallahjálp. Taka þarf þó tillit til

aðstæðna hverju sinni þegar viðbrögð eru ákveðin. Við skipulag áfallahjálpar og viðbragða er mikilvægt að hafa í huga alla þá einstaklinga sem koma að starfi skólans, svo sem nemendur, aðstandendur og alla starfsmenn. Ef slíkir atburðir eiga sér stað kemur ráðið þegar saman og stjórnar aðgerðum. Skólastjóri eða staðgengill hans stýrir vinnu ráðsins. Nemendaverndarráð er jafnframt áfallaráð skólans auk ritara. Að ráðinu koma ennfremur prestar hverfisins ef þörf er á.

VANLÍÐAN

Verði umsjónarkennari var við vanlíðan hjá nemanda ber honum að leita á því skýringa. Hann ræðir við forráðamann nemandans um vandann. Ef lausn og skýring finnast ekki á kennarinn þess kost að vísa málinu til nemendaverndarráðs sem fjallar um það. Eftir atvikum er málið síðan unnið í samráði við fagaðila s.s. hjúkrunarfræðing, félagsráðgjafa eða sálfræðing. Árlega er könnuð líðan nemandans, en markmið hennar er annars vegar að finna þá sem ekki líður vel í skólanum og verða fyrir stríðni eða einelti eða annarri óæskilegri hegðun en hins vegar að stöðva áreitni og bæta líðan þolanda og gerenda. Í tengslum við fyrra foreldra/nemendaviðtal vetrarins fylla nemandi og forráðamaður saman út lista um ýmis atriði varðandi skólastarfið, þ.á.m. eru spurningar um líðan í skólanum. Í viðtalinu er listinn umræðugrundvöllur milli kennara, forráðamanns og nemandans. (Sjá fylgiskjal 4)

OFBELDI

Það er unnið með ofbeldi í samræmi við úrvinnslu um hegðunarfrávik og um meiriháttar ofbeldi er stuðst við samþykkt Fræðslumiðstöðvar. Litið er á einelti sem ofbeldi og á hverju hausti er sérstaklega rætt um busun sem er tegund ofbeldis.

Í HNOTSKURN

Það er annað af tveimur meginhlutverkum Háteigsskóla samkvæmt lögum í landinu að taka þátt í félagsmótun nemenda en hitt hlutverkið er menntun. Í öllu starfi skólans eru gerðar áætlanir og mótaðar vinnuvenjur og hefðir til að sinna þessum tveimur hlutverkum. Þessi hlutverk eru samtvinnuð með margvíslegum hætti og verða varla aðskilin. Í forvarnarstefnu skólans er gerð tilraun til að draga fram þá þætti og þau verkefni sem lúta sérstaklega að því hlutverki að móta nemendur félagslega. Hlutverki skólans er lýst í stefnu hans:

Að mennta í hlýlegu og skapandi umhverfi þar sem borin er virðing fyrir sérhverjum manni.

Kjarna þessarar stefnu má finna í textanum „Áttinni“ sem er yfirheiti fyrir þær aðferðir sem við viljum beita í skólanum. Áttin er hluti af starfsmannahandbók.

ÁTTIN

Inntak

Áttin er yfirheiti fyrir þá aðferð sem starfsfólk Háteigsskóla hefur þróað til að viðhalda og bæta líðan og festa góða hegðun í sessi. Nemendum sem líður vel stunda námið af ánægju og haga sér vel. Góð regla og gott skipulag er forsenda fyrir vellíðan. Nemandi sem veit hvað hann á að gera og hvernig hann á að hegða sér líður vel. Ef nemandi veit að hann fær mild og jákvæð viðbrögð við góðri hegðun þá styrkist hann í þeirri hegðun. Hann veit líka að verði honum á í messunni þá er tekið á því af mildi og festu í góðri samvinnu við forráðamenn. Það er samvinnuverkefni skólans og heimilanna að stefna öllum og allri starfsemi í átt að betri líðan og árangri. Áttin er því klár en það er eðli manna að þurfa sífellt að vera átta sig á sjálfum sér og aðstæðum sínum og því má aldrei vera langt í fyrirgefningu þegar einhver áttar sig ekki. Menntun er áminntir harkalega þeir vilja ekki átta sig. Við viljum að allir átti sig.

Reglukerfi

Sáttmálinn um skólasamfélag Háteigsskóla er í fjórum köflum. Í fyrsta kaflanum er fjallað um almennar forsendur allra, í umgengni og samskiptum. Í öðrum kaflanum eru fjórar almennar og skýrar skólaeðlir. Í þriðja kaflanum eru leiðbeiningar til foreldra. Í fjórða kaflanum eru öryggisreglur. Sáttmálinn er um skólasamfélagið allt og leggur öllum skyldur á herðar, ekki bara nemendum. Þannig er lagður grundvöllur að hugmyndafræði með tilteknu regluverki þar sem sátt og virðing ríkir á milli þeirra sem tilheyrja skólasamfélaginu.

Úrvinnslukerfi

Í viðauka í starfsmannahandbók, sem ber heitið „Úrvinnsla aga- og hegðunarfrávika í Háteigsskóla“, er kveðið nánar á um hvernig er unnið úr slíkum málum. Kjarninn í úrvinnslunni er meðferð upplýsinga. Skólinn safnar margvíslegum upplýsingum um nemendur. Á hverjum degi eru skráðar upplýsingar um mætingar. Þessar upplýsingar eru nú aðgengilegar foreldrum, umsjónarkennara og skólastjórnendum nánast samtímis og þær verða til í Mentor. Slakar mætingar, bæði seinkomur og fjarvistir, segja strax að eitthvað sé að. Skólinn bregst við í samræmi við tilteknar reglur sem lýst er í viðaukanum. Viðbrögðin snúast fyrst og fremst um að kalla foreldra til samstarfs um vandann og ef foreldrar eru ekki tilbúnir til samstarfs verður skólinn að vekja athygli barnaverndaryfirvalda á slíkum tilfellum en sækja sér aðstoð og ráðgjöf samtímis. Skólinn safnar einnig daglega upplýsingum um hegðun nemenda í kennslustundum og upplýsingum um hvernig undirbúningi þeirra er háttað fyrir daginn. Þessar upplýsingar eru einnig varðveittar og aðgengilegar viðkomandi aðilum á Mentor. Sömu viðbrögð eru viðhöfð varðandi hegðunarvanda og vanhöld á ástundun og þegar fjallað eru um mætingar. Foreldrar eru kallaðir til samstarfs um vandann. Skólinn safnar einnig upplýsingum frá starfsfólki sem þarf að áminna einstaka nemendur umfram það sem eðlilegt má teljast. Starfsmaður sem tekur sérstaklega eftir ítrekaðri fráviks hegðun nemanda skráir áminninguna á sérstakt eyðublað og afhendir skólastjóra. Skólastjóri felur

ritara að skrá atvikið í trúnaðardagbók sem skólastjóri og umsjónarkennari hafa aðgang að en aðrir ekki. Verði slík tilfelli óeðlilega mörg að mati skólastjóra þá kallar hann forráðamenn til sín ásamt umsjónarkennara.

Eftirlit með líðan

Könnun á líðan nemenda er gerð í lok október ár hvert. Þannig fá nemendur tækifæri til að veita umsjónarkennara og stjórnendum upplýsingar um líðan sína og benda á aðra sem líður illa eða áreita óeðlilega mikið. Eftir margra ára reynslu er könnunin orðin mælikvarði sem skólinn notar markvisst í eftirliti sínu með líðan nemenda. Þannig gefur könnun strax upplýsingar um almenna líðan í einstökum hópum og skólanum almennt. Þá er hægt að bregðast við með frekari athugunum til að komast fyrir hvað veldur þeim frávikum sem sýna sig. Könnunin er nafnlaus og segir því ekki hverjum líður illa en hún segir hversu mörgum líður illa. Könnunin er sterk vísbending um hugsanlegt einelti.

Auk þessa koma fram vísbendingar um líðan í árlegri könnun til foreldra um viðhorf þeirra til skólans og eins í viðtölum við foreldra.

Námsumhverfið

Reynt er að skipuleggja námsumhverfi nemenda þannig að nemendum líði vel í skólanum. Margvíslegir starfshættir stuðla að því að gera nemendur ábyrga, að sýna þeim virðingu og treysta þeim fyrir verkefnum. Traust og virðing eru forsendur að góðri líðan og hegðun. Skólinn hefur markvisst á undanförunum árum þjálfað félagsvitund nemenda með leiklist í kennslu. Starfsmenn huga einnig að eigin líðan og starfsumhverfi því að meiri líkur eru á að ánægðir starfsmenn séu tillitssamir og skilningsríkir.

Starfshættir sem lýsa skipulaginu nánar:

Sáttmáli um skólasamfélag Háteigsskóla
Skipting ábyrgðar
Eineltisáætlun
Mannréttindastefna
Nemendaverndarráð
Úrvinnsla agamála

Stefnan var endurskoðuð af skólastjóra haustið 2008.

Ásgeir Beinteinsson,
skólastjóri